

# H. G. Wells og mannkyn- sagan

Jeg hefi lesið ekki allfáar minningargreinar um H. G. Wells, sem dó á s. 1. sumri, fáeinum vikum áður hann hefði orðið áttreður. Var ýmislegt í þessum greinum, sem mér þótti skrítid. Einsog t. d. þegar lesa mátti í einni og annari grein, að Wells hefði ekki verið ritsnillingur. Hefði það mátt undarlegt heita, ef maður, sem af fáðema dugnaði og græddur framúrskarandi gáfum og hafði varið mestum hluta langrar æfi til að skrifsa, hefði ekki getað lært að skrifsa vel. Jeg gæti ímyndað mjer að skáldsagan „In the Days of the Comet“, þar sem Wells segir frá aldaskiftum í sögu mannkynsins, sílikum sem nú er ennþá miklu bersýnilegri þörfin á, en þegar sú bók var rituð, sje ein af allramerkustu skáldsögum heimsbókmennntanna, og það ekki einungis að efni, heldur einnig að frásagnarsnilld. Það sem er lítilfjörlega hugsað, getur aldrei verið stórkostlega ritað, og ekki heldur á hinn veginn.

Jeg hafði þegar á unga aldrí, mikla addáun á Wells, en þó breyttist sú addáun nokkuð með aldrinum. Jeg

bóttist skilja, að Wells væri meira skáld en vitringur, og mjer þykir t. d. minna koma til mannkynssögu hans en mörgum öðrum. Ef jeg lit rjett á, þá jafnast sú saga að ljómandi hugsanasnilld, hvergi nærrí á við skylt rit eftir Winwood Reade, er hann nefndi „Píslarvætti mannkynsins“ (The Martyrdom of Man). — Um Winwood Reade og þessa aldaskiftabók hans má lesa í Framnýál, s. 116—20—. Að H. G. Wells var þó einnig mikill vitringur, þarf ekki að efa, einsog marka má af því, að hann virðist að lokum alveg hafa örvaent um framtíð mannkynsins. Virðist mjer það viturlegt, því að einsog málín hörfðu við honum, var ekki hægt að koma auga á neinn miöguleika til að astýra framhaldi styrjaldar. En það má segja alveg með vissu, að framvinda mannkyns, sem það tekst ekki, er í helstefnu átt, og hlýtur að ljúka með glötun, í stað þess sigurs á allri fyrirstöðu gegn því að fullkomnu lífi verðilifað, sem verður hlutskipti mannkyns, þar sem tekst að beina fram vindunni til rjettrar áttar.

27. okt.

*Helgi Pjeturss.*